



Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Vor 2012

Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi



Kæru Delta Kappa Gamma konur

Frá orðum til athafna eru einkunnarorð stjórnar okkar. Þau gefa til kynna að ekki dugar að láta sitja við orðin tóm. Stjórnin hefur haft skýra stefnu, við viljum efla samstarf og tengsl milli deilda, gera samtökin sýnilegri og efla þau til þátttöku í góðum verkefnum sem tengjast markmiðum samtakanna. Við leggjum mikla áherslu á að not-

færa og nýta nútímatækni eins og Skype símasambandið og annan fjarfundabúnað sem tölvutækni býður upp á. Landssambandsstjórnin mætti á setningu fundar hjá Alfa deild gegnum SKYPE tæknina og ég mætti á fund lota deildar í Bolungarvík í mars.

Í Delta Kappa Gamma eru glæsilegar, hæfileikaríkar og öflugar konur með víðtæka þekkingu á sviði mennta- og menningamála, sem starfa á afar fjölbreyttum vettvangi. Það er mikilvægt að virkja getu, hæfni og þekkingu þessara kvenna með þátttöku til góðra verka. Við þurfum að vera duglegar að kynna og koma á framfæri þeim verkefnum sem hver og ein er að vinna að hverju sinni en fyrsta skrefið í því er að koma upplýsingum á framfæri á vefsíðu okkar, þannig að deildirnar geti boðið konunum að koma og kynna verkefni sín. Þetta gæti verið einn liður í því að koma til móts við einkunnarorð okkar: Frá orðum til athafna auk þess að efla samstarf milli deilda.

Ég hef lengi haft áhuga á að gera okkur sýnilegar í Reykjavíkur-marathonhlaupinu í ágúst. Við gætum safnast saman og gengið eða hlaupið til góðra verka. Í því sambandi gætum við haft ákveðinn stað og stund í miðri viku frá maí byrjun og gengið saman til að byrja með og hitað upp og ákveðið verkefnið. Þær sem hafa áhuga bið ég að vera í sambandi við stjórnarkonur. Ég er viss um að við gætum vakið mikla athygli með rauðar rósir og gyllta borða um mittið og safnað áheitum.

Það er mikilvægt fyrir okkur hér á Íslandi að gera okkur grein fyrir mikilvægi alþjóðasamfélagsins innan DKG og nota þau tækifæri sem bjóðast á þeim vettvangi. Árlega veitir DKG 30 alþjóða námsstyrki til félagskvenna sem hafa hug á framhaldsnámi. Umsóknarfrestur er frá 1. júlí til 1. febrúar, ég hvet konur til að fara inn á vefsíðu DKG.org og kynna sér nánar framboðið.

Sigríður Ragna Sigurðardóttir

Dr. Jensi P. Souder, alheimsforsæti DKG, kom hingað til lands til að taka þátt í vorþinginu. Sigríður Ragna bauð hana velkomna og kvað það mikinn heiður fyrir íslensku samtökin að fá hana hingað.



Dr. Souder með þeim frú Vigdís Finnbogadóttur og Sigríði Rögnu Sigurðardóttur, landssambandsformanni DKG

Dr. Jensi Souder flutti gestum vorþingsins kveðjur frá alheimssamtökum DKG. Hún ræddi um að Íslenskar DKG konur legðu mikið til samtakanna en taldi að við gerðum okkur ekki grein fyrir hvað alheimssamtökin gætu gert fyrir okkur. Dr. Jensi sendi okkur pistil þar sem hún fer yfir þetta og skýrir í hvað greiðslur til alþjóðasamtakanna fara. Ritnefnd ákvað að birta efnið hér á ensku:

Greetings

Iceland has been an invaluable asset to the Society over the years. Currently, your president serves on the International Executive Board and six of your members serve on international committees or the *Bulletin* Editorial board (Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Dr. Jóhanna Einarsdóttir, Hertha Jónsdóttir, Sigríður Ragnarsdóttir, and Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir). I appreciate their enthusiasm, ideas, and service, and you should appreciate that Icelandic-international connection that serves your state organization well in so many ways.

Yes, your state organization is a valuable part of the international Society, and the international Society returns many benefits to your state organization in turn:

-5 recipients have received international scholarships totaling \$25,000 U.S.,

the most recent recipient being Anna Guðrún Eðvarðsdóttir in 2010.

-1 of your members was a World Fellowship recipients before you were even a state organization.

-4 Iceland members have received world-class international leadership management training over the years, bringing their knowledge and skills back to share with you. That is a benefit of @\$28,000 U.S. Your most recent recipient is Ingibörg Jónasdóttir.

-Iceland State Organization received an educational foundation Cornetet seminar award in the amount of \$2400 to present leadership training as part of your expansion efforts.

-Sigrún Klara Hannesdóttir has been an International Speaker, with her way paid to Wyoming in 2000 to speak.

The total of those benefits to your members and state organization is approximately \$62,000 U.S.! That doesn't include educational foundation grants that individual members may have received since 1975 for educational projects and professional development or the many other benefits that are available to you. So let's talk for a few minutes about what your international Society has done just this biennium. Our biennial theme, *Embracing Our Vision* □ *Designing Our Future*, is being realized in so many ways, as our members and chapters begin to understand that everything you do for students, teachers, schools, early-career educators, women and children impacts our vision, **Leading Women Educators Impacting Education Worldwide.**

When each of us realizes the impact we collectively make in the world through focused, united efforts, we begin to design our future to ensure educational success in the world and our own organizational success.

Our international focus on chapter strengthening through membership, program, and leadership has resulted in amazing steps to move our Society forward:

-Your state organization leaders received training with an emphasis on chapter strengthening;

-Educational focus days at all regional conferences made a qualitative impact, widened our view of "community," presented us with global contexts, and brought non-members to our meetings as potential new members;

-Our new DKG Supporting Corporation now offers members tax-free donating to most Society funds such as World Fellowship, Golden Gift, and the Emergency Fund;

-Wonderful resources have provided members great new ways to strengthen chapters and state organizations. These include

-New orientation and reorientation materials that give us a “wide-angled” perspective

-A revised and updated *Ceremonies* book that will be available for \$2 at the convention and afterwards from Society HQ.

-The *Go to Guide*, an all-new handbook for chapters and members (cheaper if ordered in quantity! They will be available in the marketplace in NYC)- Revised Guidelines booklets for presidents, treasurers and membership and communication and publicity committees, free to chapters

-Models for state organizations who wish to provide or improve leadership training that is available to all members, not just officers

-“Lesson plans” for chapter programs and activities in five targeted areas

-*Newsettes* that provide a wealth of information on our international project, *Schools for Africa*

-Resources for supporting early-career educators, a focus that can make us widely known and respected and that can also help us identify potential members

-Encouragement to help chapters be successful through action planning

-Great strides in technology, with the DKG Network, weekly updating of the Society website, utilization of *Go to Meeting* software for electronic meetings, the study of electronic elections, and consistent and professional style in all publications

These are just a few of the benefits that have been accomplished this biennium that directly or indirectly affect your membership and your chapter’s success.

Another benefit of your membership is attending our international meetings—regional conferences and international conventions—in places you’ve never been before or would love to visit again. DKG offers great travel opportunities!

Our organization counts in your personal and professional life, and in impacting the lives of educat

ors, women and children worldwide. And your membership counts in helping our organization succeed in doing just that.

Never underestimate the power of one member, one chapter, one state organization in impacting education worldwide. We are Embracing our vision and Designing our Future, and that future is more successful because of you!

Big Bang for Our Bucks!

The story is told of the selfish wife who kept complaining to her husband that he didn't do anything for her. Perplexed, he responded: "Honey, three years ago I bought you that Jaguar sports car that you wanted. Last year, I gave you a full-length mink coat, with a hat to match. This winter, we took that around-the-world cruise that you'd always dreamed about. What do you mean, I don't do anything for you???" The wife thought for a minute and said, "Yes, but what have you done for me lately?"

Perspective is in the eyes of the beholder, isn't it? What one thinks is a lot, another thinks is a little! Often, perspective is skewed by a lack of information. So I believe it's been that way since at least 2008 when we increased our international dues. Many members did not, and do not, understand all that our dues do for us, how we reap the benefits many times over. You see what your chapter dues do and you pay them willingly. You "sort of" see what your state organization dues pay for, and you don't mind paying them. But, "international" seems far removed, and many don't see the bang for your bucks in paying international dues.

Now let me provide you with a bit of information about just some of the **other** things your international dues do for you and for our organization as a whole.

What dues pay for:

Start with membership card that every viable association has—printing card stock, in house printing of names, in house packaging and mailing to chapters, mailing costs.

-Your SO president represents each of her members on the Executive Board and in voting one-for-one for international officers. Your Executive Board representation includes voting on expenditures, international officers, and anything that directly affects membership, like how scholarship recipients are chosen, and how we offer membership to women educators in other countries through expansion. Your international dues help pay for that state organization president to attend the international executive board meeting every two years so she can represent you. Part of your state organization dues go to that expense also, so that your elected officers do not have to spend so much out of pocket.

-Dues help pay for the new SO president to receive training at your regional conference after she is elected so that she can effectively lead your state organization. State organization dues go toward this expense also.

-Dues pay for any new state organization executive secretary to be trained. State organization dues may help with this also.

-Dues help pay for new state organization program/educational excellence chair, membership chair, editor, webmaster and treasurer to attend training. State organization dues go toward this expense also.

-Dues pay the salary of the HQ staff who carry out the wishes of the membership on a day-to-day basis.

-Dues maintain the HQ building, where every member who visits the building leaves impressed and filled with pride in her membership.

-Dues pay the expenses of international officers and committee members' travel and lodging so they may do the work of the Society. Without the work of these committees, the HQ staff would be five or six times as large, and we as members would have very little to say in our organization. With committee members who volunteer their time to the organization, we accomplish much at very little cost; the least we can do is pay their travel expenses.

-Dues pay for the technology called Go To Meeting, software that allows members to meet long-distance in between annual face-to-face meetings. This has been used extensively this biennium and has allowed our committees and boards to do many times the work done in the past, without travel costs.

-Dues pay for the travel expenses of your Society Representative (ME!) to attend your state organization meeting, to keep you informed of the latest resources and benefits of your membership, and of the notable accomplishments of your Society—**to bring international and its leaders to you, personally (Tell story of LA)**. We come to you for these purposes and any other that your state organization leaders ask of us in order to make your meeting more successful and meaningful to you.

-Dues pay for the resources that are available for your chapter to succeed: new orientation materials, new reorientation materials, revised *Ceremonies* book, new *Go To Guide* for chapters and members, the new digital volume of *Our Heritage III*, etc.

-Dues pay for the newsletters your leaders receive electronically—the time and effort, as well as the knowledge that goes into the production of *Broadcasting the Buzz*, *Membership Memo*, *Focus on Finance*, *As the SAP Rises*, *President to President*, and *Schools for Africa Newsette*.

-Dues pay for the print publications that you receive free of charge, their production and their mailing: *DKG NEWS*, *The Bulletin*, *President's Page*.

-Dues pay for the Society website that so many of you use, or should use, to keep up on current Society events and to find forms, applications and infor-

mation that you need.

-Dues pay for Society presence on other social media, as staff members stretch to push our technology envelope.

-Dues pay for the annual Educators Award for the most outstanding book of the year relating to education, educators, and/or women.

What your donations/fees/chapter assessments pay for:

Chapter, state-level and international scholarships for members

Chapter, state-level and international grants to members and non-members

World fellowships for non-members to come to the U.S. or Canada for graduate study

Sending members as international speakers to other member countries

World-class leadership training through the International Leadership Management Seminar; state organization –level training in many state organizations

Assistance with costs of orientation for new Administrative Board members

Assistance with speaker fees at regional conferences

Emergency fund for members who suffer a major loss from a natural disaster

World Fellowships

You might say that much of this is not important to you as a member, but you would be incorrect. Your dues pay for everything that makes your chapter Delta Kappa Gamma. Without your international dues, you would be a local club or group, certainly not a respected professional organization composed of leading women educators who impact education worldwide. You have connections to the Teacher of the Year in Iowa, the Tennessee Assistant Commissioner of Education, the Assistant Dean of Educational Curriculum at the University of North Carolina, Island's national librarian, and too many more to name in this time.

You are connected to caring women in Minnesota and with women who donate about \$3 million each year for education and educators. You are connected with an organization that wants you to succeed in your professional and personal lives. An organization that gives you tools to help you along your path. You are connected to women who support your path to success, rather than waiting for you to fail. And you know that you will always have a safety net that wraps you in genuine spiritual fellowship.

Fimm Gammakonur hafa verið sæmdar heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu

Síðastliðinn gamlársdag var Sigrún Aðalbjarnardóttur, prófessor, sæmd heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf í þágu uppeldisvísinda og menntunar. Er hún vel að þeim heiðri komin eins og fjórar aðrar konur í Gammadeild sem hafa verið sæmdar riddarakrossinum. Þær eru Rannveig Löve, sem fékk riddarakross árið 2011 fyrir brautryðjandastarf á sviði lestrarkennslu og störf að málefnum berklasjúklinga, Anh-Dao Tran, kennslufræðingur og verkefnisstjóri, sem fékk riddarakross árið 2006 fyrir störf í þágu nýrra Íslendinga og íslensks fjölmenningsamfélags, Vilborg Dagbjartsdóttir, kennari og rithöfundur, sem fékk árið 2000 riddarakross fyrir fræðslu og ritstörf og Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri, sem árið 1999 fékk riddarakross fyrir störf að fræðslu- og skólamállum.

Ritnefnd ræddi við tvær þeirra kvenna sem nýverið hafa fengið viðurkenningar fyrir störf sín.

Sigrún Aðalbjarnardóttir, Gammadeild



Sigrún Aðalbjarnardóttir var nýlega sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf í þágu uppeldisvísinda og menntunar. Sigrún er eins og kunnugt er, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands og hefur unnið að rannsóknum á því sviði frá árinu 1984. Við óskum Sigrún innilega til hamingju með heiðurinn en hún segist vera ánægðust með þá athygli sem beint er að uppeldi og menntun með þessari viðurkenningu og því hvað uppeldi og menntun eru mikilvæg málefni í samfélagi okkar: „Við erum öll uppálag með einum eða öðrum hætti svo að málefnið snertir okkur öll“, segir Sigrún og bætir við: „Við verðum að vera vakandi fyrir því hvernig við getum hlúð að þroska og velferð einstaklinganna sem byggja samfélag okkar og hugsa sérstaklega um börn og unglinga í því samhengi, bæði með tilliti til samtíðar og framtíðar þeirra. Sigrún segist vilja sjá meiri virðingu borna fyrir störfum að uppeldi og menntun og meiri sjálfsvirðingu uppeldisstéttanna, ekki síst kennara. Sjálfsvirðingin skiptir svo miklu máli, að finna til sín, finna að verið er að vinna gott starf sem er vel metið. Kennarar þurfa að nýta sér betur almannatengsl til að auglýsa frábært starf sitt, stéttin er of högvær.

Í rannsóknum sínum og kennslu er Sigrún mjög með hugann við samskiptahæfni og siðferðiskennd barna og ungmenna. Hvernig hægt sé að efla hana, ekki síst hæfni til að geta sett sig tilfinningalega og siðferðilega í spor annarra og geta skoðað mál frá ólíkum sjónarhornum. Grunnur þess er að geta bæði aðgreint mismunandi sjónarmið, sem margir geta, og samræmt

sjónarmiðin, sem fólk er misfært um. Þessi hæfni leggur grunninn að samskiptum okkar við aðra og skiptir jafnframt miklu máli í öllum samræðum. Sérstaklega á það við þegar rætt er um álitamál, til að geta skoðað mál út frá ólíkum hliðum, rökrætt þau og deilt um þau og komist að niðurstöðum. Þessi hæfni er einnig grunnurinn að borgarvitund fólks ungra sem aldraðra; vitundinni um það hvað það er að vera borgari í þessu samfélagi með þeim réttindum, skyldum og samábyrgð sem því fylgir. Mikilvægt er að efla þessa hæfni bæði heima fyrir, í skólum og í öðru starfi með börnum og unglingum og gera okkur hæfari til að taka á málefnum samfélagsins. Þarna finnst Sigrúnu að leggja þurfi meiri áherslu á samræður við börn og ungmenni en gert er; það vantar samræðuhefð í samfélag okkar. Hún segir að í rannsókn, sem gerð var á vegum OECD árið 2007, þar sem 15 ára unglingar svöruðu spurningum um það hversu oft þau ræddu saman á heimilinu um eitthvert tiltekið mál, hafi Íslendingar lent í næstneðsta sæti: Við þurfum að huga mun betur að því að ræða við börn og unglinga, að fá börnin í spjall ekki bara að spyrja: „Hvernig var í skólanum?“ eða að finna að við þau.

Annað sem Sigrún skoðar eru tengsl uppeldisaðferða foreldra við ýmsa þroskaþætti. Leiðandi uppeldisaðferðir eru þar afar árangursríkar: Hljá í samskiptum og kröfur gerðar um þroskaða hegðun; leit eftir sjónarmiðum barna, ekki bara boð og bönn heldur samræður; útskýringar á því hvað er viðeigandi hegðun; og setja mörk þar sem það á við og skýra þau, í stað þess að láta undan. Stundum láta foreldrar undan en þá eru rök fyrir því, en foreldrar mega ekki vera feimnir við að setja mörk með skýringum, ræða við börnin og fá fram báðar hliðar málsins. Langtímarannsóknir Sigrúnar og erlendar rannsóknir sýna óyggjandi tengsl milli leiðandi uppeldisaðferða og þroska og velferðar barna og unglinga. Fram hefur meðal annars komið í rannsóknum hennar og samstarfsfólks hennar að unglingar leiðandi foreldra eru ólíklegri en aðrir unglingar til að neyta áfengis í óhófi og til að hafa prófað ólögleg vímuefni. Þeir hafa meira sjálfstraust ef þau telja foreldra sína nota slíkar aðferðir, samskiptaproskinn þeirra er meiri og þeir sýna betri námsárangur á samræmdum prófum og ljúka frekar stúdentsprófi. Grunnurinn að heiman, að skapa gagnkvæmt traust og virðingu á milli foreldra og barna frá upphafi, skiptir höfuðmáli fyrir sjálfstraust barnsins og það að geta rætt við foreldra sína um áhyggjur sínar og tilfinningar.

Þá komum við aftur að samræðunni og þeim tíma sem foreldrar verja í að ræða við börnin. Mjög hátt hlutfall kvenna og karla vinnur utan heimilis á Íslandi og er atvinnuþáttaka þeirra mest í Evrópu. Fæðingartíðnin var einnig hæst hér á landi samkvæmt skýrslu árið 2008; að meðaltali á hver kona fleiri börn hér á landi en í öðrum löndum Evrópu. Hjá einhverjum fjölskyldum hlýtur þetta að koma fram í minni tíma með hverju barni. Á móti kemur að við höfum sterkt félagslegt net. En spurningin um þann tíma sem foreldrar verja með börnunum snýst í mörgum tilvikum um forgangsroðun foreldra. Við getum alltaf bætt okkur.

Grunnurinn að samskiptum er lagður bæði heima og í skólanum sem viðurkennir almennt séð uppeldislutverk sitt í ríkari mæli en á árum áður. Kennarar finna að líðan barna og samskipti skipta miklu um árangur í námi. Við sjáum líka í kringum okkur að margir foreldrar, ungir foreldrar, bæði mæður og fedur, eru meðvitaðir um uppeldislutverk sitt. Þeir vilja fylgjast með umræðu um uppeldismál og taka vel niðurstöðum rannsókna þegar þær eru kynntar fyrir þeim.

Næg verkefni eru fyrir höndum hjá Sigrúnu, sem m.a. leiðbeinir meistara- og doktorsnemum. Þeir skoða t.d. sýn foreldra á lutverk sitt, félagsþroska ungra barna á leikskólum, uppeldis- og menntunarsýn kennara og hvernig uppeldisaðferðir foreldra geta haft áhrif á námsgengi barna sinna. Einnig ýmsa þætti sem tengjast þátttöku ungs fólks í samfélaginu, t.d. hvað það þýðir að vera borgari í lýðræðisþjóðfélagi, viðhorf til innflytjenda, mannréttindi, sjálfboðaliðastarf og samkennd.

Þeim sem vilja fræðast meira um þessi mál er bent á bók Sigrúnar, Virðing og umhyggja – Ákall 21. aldar sem kom út árið 2007 og var sett á lista Hagbenkis yfir tíu framúrskarandi fræðirit sem komu til greina við veitingu viðurkenningar Hagbenkis 2008. Á heimasíðu Hagbenkis stendur eftirfarandi um bókinu: „Tímabær umfjöllun um forsendur uppeldis og menntunar, byggð á áratuga störfum og rannsóknum.“

(http://www.rbu.hi.is/virding_og_umhyggja_akall_21_aldar)

Attentus hlýtur hvatningarviðurkenningu

Árný Elíasdóttir í Gammadeild hlaut hvatningarviðurkenningu árið 2012, sem FKA (Félag kvenna í atvinnurekstri) veitti henni ásamt samstarfskonum hennar, Ingu B. Hjaltadóttur og Ingunni Björk Vilhjálmisdóttur stofnendum og eigendum **Attentus** ehf. Attentus veitir fyrirtækjum alhliða ráðgjöf í mannauðs og fræðslumálum. Það býður upp á aðstoð við stefnumótun, þjálfun nýliða, stjórnendaráðgjöf, mat og þjálfun, vinnustaðagreiningu og áreiðanleikakannanir á sviði mannauðsmála. Auk þess er hægt að leigja hjá Attentus bæði fræðslu- og mannauðsstjóra en mikil eftirspurn er eftir slíkri þjónustu.

Árný Elíasdóttir, Gammadeild



Árný segir svo frá: Ég er fædd í Bolungarvík og ólst þar upp, elst fimm systkina. Foreldrar mínir lögðu mikla áherslu á að við börnin menntuðum okkur en það þótti ekki sjálfgefið í sjávarþorpi sjöunda áratugarins. Ég fór í Menntaskólann á Akureyri og lauk þar stúdentsprófi. Eftir það vann ég hjá Flugfélagi Íslands og sótti tíma í stjórn málafræði hjá núverandi forseta vorum. Ég tók að mér að aðstoða mág minn, sem þá var 13 ára, í námi og eftir það var ekki aftur snúið.

Ég var staðráðin í að gerast kennari. Ég lauk síðan B.Ed prófi frá

Kennaraháskóla Íslands, eins árs framhaldsnámi fyrir kennara í félagsuppeldisfræði frá Oslo Lærerskole og síðar meistaraþrófi í menntunarfræðum með áherslu á skipulag fræðslu og fræðsluefnis frá San Diego State University.

Ég hóf starfsferil minn sem grunnskólakennari í Æfingaskólanum. Ég fluttist síðan til Noregs þar sem ég kenndi eftir að námi mínu lauk þar. Eftir að heim kom hélt ég áfram í Æfingaskólanum sem þeir Jónas Pálsson og Ólafur Jóhannsson stjórnðu. Það var lærdómsríkur tími sem ég bý alltaf að. Í starfinu kynntist ég Sigrúnu Aðalbjarnardóttur, Gammakonu, en við áttum eftir að eiga góðar stundir saman við námsefnisgerð. Sigrún held ég hafi haft þau áhrif á mig að ég gerðist ritstjóri hjá hjá Námsgagnastofnun þar sem ég starfaði í mörg ár. Áhugi minn á námsefnisgerð varð m.a. til þess að ég ákvað að ljúka meistaranámi í menntunarfræðum.

Í námi mínu í Kaliforníu kynntist ég síðan fræðslu- og starfsþróun á vinnustöðum sem mér þótti afar áhugavert viðfangsefni. Fljótlega eftir heimkomuna gerðst ég fræðslustjóri hjá Eimskip. Þar komst ég í kynni við núverandi samstarfskonur mínar en við unnum þar í sömu deildinni. Við áttum einstaklega gott samstarf og hættum allar á svipuðum tíma hjá fyrirtækinu. Það varð því úr að við ákváðum að hefja samstarf um alhliða ráðgjöf í mannauðsstjórnun. Við höfum allar ólíka menntun að baki og höfðum þess vegna sérhæft okkur í ákveðnum þáttum starfsmannamála og töldum þessa vegna að við byðum upp á lausn sem ekki væri fyrir hendi á íslenskum vinnumarkaði. Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir hefur MBA gráðu en Inga Björg Hjaltadóttir er lögmaður.

Fyrirtækið okkar, Attentus, mannauður og ráðgjöf, annast margs konar verkefni fyrir fyrirtæki, stofnanir og skóla. Við vinnum að stefnumótun, aðstoðum við gerð ráðningarsamninga, greinum hæfni fyrir störf, skipuleggjum fræðslu og starfsþróun, undirbúum starfsmannsamfélög, komum að frammistöðumatí, gerum kannanir og úttektir á stöðu mannauðsmála og aðstoðum stjórnendur við ýmis starfsmannamál. Við erum t.d. „mannauðsstjórar til leigu“ í nokkrum fyrirtækjum þar sem við skiptum með okkur verkum – sem sagt „þrír eða fjórir fyrir einn“! Síðast en ekki síst höfum við í nokkur ár unnið að stjórnsýsluúttektum á skólum fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Allar erum við stundakennarar við háskóla sem er m.a. okkar endurmenntun.

Í janúar s.l. hlutum við hvatningarverðlaun Félags kvenna í atvinnurekstri sem er viðurkenning fyrir brautryðjendastarf. Við erum afar stoltar yfir að auðnast sá heiður að hljóta þessi verðlaun og að fá að deila verðlaunum með konum sem hafa lagt mikið af mörkum til samfélagsins með atvinnurekstri sínum. Verðlaun sem þessi eru að okkar mati einkar mikilvæg til þess að hvetja íslenskar konur til að taka enn meiri þátt í stjórnun og rekstri en ekki síður að minna á að íslenskar konur koma víða við og sinna margvíslegum verkefnum með góðum árangri. Það var áhrifaríkt að finna þá orku sem streymdi frá þeim fjölmörgu konum sem mættu á verð-


launaathöfnina. Þá hafa verðlaunin haft margs konar þýðingu fyrir fyrirtæki okkar. Við höfum fengið mikla umfjöllun og finnum að fleiri vita nú af okkur og höfum í kjölfarið fengið mörg áhugaverð verkefni.

Að stofna fyrirtæki er spennandi og ögrandi verkefni sem krefst margs en þó fyrst og fremst þrautseigju, sveigjanleika og ekki síst trú á eigin getu. Í dag erum við bjartsýnar og horfum fram á veginn. Fyrirtækið okkar hefur náð að vaxa og dafna. Við höfum verið svo heppnar að fá til liðs við okkur frábæra sérfræðinga. Nýlega gerðist Guðríður Sigurðardóttir, reyndur mannauðsstjóri, meðeigandi en aðrir starfsmenn eru Sveinborg Hafliðadóttir, MPA í opinberri stjórnsýslu og Arndís Vilhjálmadóttir, doktorsnemi í sálfræði.

Ég tel mig afar heppna að fá tækifæri til að sinna áhugaverðum verkefnum sem ég hef mikla ánægju af. Menntun mín og reynsla í ólíkum störfum hefur nýst mér ákaflega vel. Fjölskylda mín, eiginmaður, synir, barnabörn og foreldrar mínir hafa alltaf verið mér hvatning. Og vera mín í Gammadeild hefur líka sannfært mig enn frekar um um að konum eru allir vegir færir.



Árný með þeim
Ingu og Ingunni Björk



Á rauðum sokkum

Í haust kom út bókin *Á rauðum sokkum*, baráttukonur segja frá. Í bókinni segja tólf konur frá starfi sínu með Rauðsokkahreyfingunni fyrstu ár hennar. Þar af eru tvær konur úr Gammadeild, þær Gerður G. Óskarsdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir og ein úr Etadeild, Elísabet Gunnarsdóttir.

Haustið 2010 voru liðin 40 ár frá eiginlegum stofnfundi hreyfingarinnar. Hver kona ritar sinn kafla og jafnframt leggur einn af frumkvöðlum hreyfingarinnar, skáldið Vilborg Dagbjartsdóttir, bókinni til tólf ljóð sem flest voru ort á áttunda áratugnum og eiga ríkan samhljóm með umfjöllun-

arefni frásagnanna.

Aα Alfadeild

Jólafundinn héldum við ásamt tveimur öðrum deildum: Eta- og Þetadeild. Fundurinn var haldinn fyrsta laugardag í desember í Þjóðmenningarhúsinu og var hann vel sóttur. Að venju var boðið upp á hangikjöt með tilheyrandi meðlæti og jólalögin sungin við undirleik Herdísar Egisdóttur. Frú Vigdís Finnbogadóttir var sérstakur gestur fundarins og ræddi um mátt orða og gagnsæi íslenskrar tungu og Herdís Egilsdóttir las upp úr bók sinni Sólarmegin sem fjallar um lífshlaup hennar. Sigríður Ragna Sigurðardóttir, forseti landssambandsins hélt svo tölu og þakkaði fyrir daginn og falletgar frásagnir. Hún sagði að þessi fundur markaði spor í söguna, þetta væri í fyrsta skipti sem þrjár deildir halda saman jólafund. Fundurinn væri haldinn á fögnum stað og stemningin óviðjafnanleg. Hún sagði síðan frá viðburðum á næstunni:



Fundirnir eftir áramót hafa verið helgaðir nýbreytni í skólastarfi. Á febrúarfundinum kynnti aðstoðarskólastjóri Vogaskóla, ásamt tveimur nemendum, tilraunaverkefni sem er í samstarfi við Skólavefinn. Verkefnið gengur út á það að nemendur hafa allt námsefni á svokölluðum lesspjöldum sem á ensku kallast „kindle“ í stað hefðbundinna kennslubóka. Kynningin vakti mikinn áhuga fundarkvenna og sköpuðust skemmtilegar og gagnlegar umræður í kjölfarið. Sjöfn Sigurbjörnsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún ræddi kynni sín af ljóðskáldinu Maria Angelo sem hún heyrði til í háskóla á Flórída. Sjöfn las upp ljóð eftir Maria og ræddi um mismunandi mállýskur í Bandaríkjunum.



Fundurinn í mars var haldinn í húsakynnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í Ofanleiti.

Steingerður Kristjánsdóttir, sérfræðingur á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar kynnti verkefni sem kallað er Dagur barnsins en það er tilraunaverkefni í Ártúnsskóla og Norðlingaskóla. Meðal þess sem verið er að athuga er hvort sameiginleg yfirstjórn liðkar til fyrir ákveðnum sveigjanleika og uppbroti í kennsludeginum. Markmiðið er að auka öryggi og minnka einelti með því að afnema frímínútur. Frístundastarfið er inni í stundatöflunni og vinnudagur barnanna því samfelldur.

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir talaði undir liðnum Orð til umhugsunar og ræddi um stöðu skólamála, hið mikla brottfall úr framhaldsskóla og samanburð við aðrar þjóðir. Hún fór yfir tölfræði þar sem fram kemur að á Íslandi er miklu fjármagni veitt til skólamála á hvern nemanda, í grunnskóla er talan með því hæsta sem sést í samanburði EUROSTAT, og í meðallagi fyrir framhaldsskólastigið. Háskólastigið hins vegar undir meðaltali. Hvað varðar bekkjarstærðir og fjölda nemenda á hvern kennara er samanburður Íslandi hagstæður. Ingibjörg sagði að við hljótum öll að láta þessi mál okkur varða og reyna að komast að rótum vandans.

Aðalfundurinn og jafnframt síðasti fundur þessa misseris verður haldinn hinn 21. maí.

BÞ Betadeild



Starfsárið 2011- 2012 hófst með ferð á Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi. Þangað fóru þrettán Betasystur og skoðuðu þetta áhugaverða safn undir leiðsögn safnvarðar. Að heimsókn lokinni fór hópurinn á veitingastaðinn „Potturinn“ og átti þar góða kvöldstund. Markmið stjórnar þetta starfsárið er að gera konur virkari í starfinu og efla kynni þeirra innbyrðis. Það markmið er tilkomið eftir hópavinnu frá síðasta

starfsári. Leiðir sem farnar verða til þess eru m.a. að allar Betasystur taki þátt í að undirbúa og stjórna deildarfundum. Þannig ættu þær sem undirbúa fundina að kynnast betur auk þess sem þær fá tækifæri til að stjórna fundi sem er hluti af markmiðum samtakanna þ.e. leiðtogahæfni. Ákveðið var að reyna þetta fyrirkomulag á framkvæmd funda eftir áramótin. Annað sem hefur verið gert markvisst til að efla virknina er að formaður hefur fengið einhverja úr hópi félagskvenna til að kveikja á kertunum þremur við setningu fundar. Með því fá konur tækifæri til vera enn virkari.

Eftir áramótin ákvað stjórnin að boða til svokallaðs „hefðafundar“. Tilgangurinn með fundinum var að skrá og festa í sessi hefðir Betadeildar sem konur vilja tryggja að haldist. Stjórnin hitti fjórar Betasystur á „hefðarfundi“. Þessar konur, sem hafa verið lengi í deildinni, sumar alveg frá stofnun. frá stofnun hennar. Tilgangurinn með fundinum var að skrá og festa í sessi hefðir deildarinnar sem konur vilja tryggja að haldist. Þetta var mjög fróðlegur og gefandi fundur fyrir þær í stjórninni sem nýlega eru komnar inn í deildina. Fyrirhugað er að kynna afrakstur fundarins á aðalfundi í vor og setja þetta á heimasíðu deildarinnar.

Haldnir hafa verið sex fundir á starfsárinu auk haustferðar og eru fyrirhugaðir tveir fundir fram á vor auk afmælishátíðar. Á þessum fundum hefur margt verið gert, t.d. var Ingibjörg Auðunsdóttir Betasystir með erindi um birtingarmynd eineltis stúlkna en rannsóknir sýna að það birtist ekki eins og einelti drengja. Á þeim fundi voru tvær nýjar konur teknar inn. Sameiginlegur jólafundur Betadeildar og Mydeildar var haldinn í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Þar voru samankomnar 36 konur sem skemmtu sér við spjall og jólasöngva. Jólagesturinn var frá



Austur Þýskalandi sem sagði frá jólunum í sínu ungdæmi.

Nýtt ár hófst með nýju fyrirkomulagi í undirbúningi og stjórnun funda í Betadeild. Fyrsti fundurinn með því sniði var bókafundurinn í janúar sem haldinn var í heimahúsi og er ávallt vel sóttur. Eftir bókafundum er venja að gefa út lista yfir þær bækur sem Betasystur mæla með. Hann er birtur á heimasíðunni. Sama fyrirkomulag var á febrúarfundi og fékk undirbúningshópurinn iðjubjálfa, sem er í Mydeild, til að vera með hópeflisleiki til að þjappa Betasystur enn betur saman. Báðir þessir fundir hafa verið afar vel heppnaðir.

Marsfundurinn var óhefðbundinn í formi leshrings þar sem deildin fékk inni á nýja Icelandairhótelinu á Akureyri, en í því húsi var áður kennaradeild Háskólans á Akureyri og þar áður Verkmenntaskólinn og Iðnskólinn. Hótelstýran gekk með okkur um húsið og sagði okkur frá breytingunum. Fyrir þennan fund höfðu Betasystur lesið tvær bækur til að fjalla um, það eru bækurnar „Jójó“ eftir Steinunni Sigurðardóttur og „Húshjálpin“ eftir Kathryn Stocker. Ákveðið var á þessum fundi að á næsta ári yrði fjallað um faggrein eða fagbók um skóla- eða uppeldismál auk einnar bókar sem félli þá undir fagurbókmenntir. Síðan er fyrirhugaður hefðbundinn fundur í apríl og aðalfundurinn verður 11. maí í heimahúsi þar sem fram fara stjórnarskipti. Þá er gert ráð fyrir að vígja inn tvær nýjar konur og verða Betasystur þá orðnar 28.

Lokafundur Betadeildar á þessu starfsári er fyrirhugaður 2. júní næstkomandi en þá á Betadeild 35 ára afmæli. Ætlunin er að halda upp á daginn með því að koma saman, bjóða gestum og heiðra konu hér á Norðurlandi fyrir framlag til mennta- og/eða menningarmála.

Samstarfið við nýstofnaða Mydeild hér á svæðinu hefur verið gott og fagna Betasystur nálægð annarrar deildar. Eins og komið hefur fram var jólafundur deildanna sameiginlegur. Einnig fóru Þorgerður formaður Betadeildar og Ingibjörg Auðunsdóttir á deildarfund hjá Mydeild með kynningu á samtökunum. Fyrirhugað er svo að bjóða My-deildinni á afmælissfund Betadeildar sem haldinn verður 2. júní næstkomandi eins og komið hefur fram.

Stjórn Betadeildar skipa: Þorgerður Sigurðardóttir formaður, Jónína Eiríksdóttir varaformaður og Hanna Salómons dóttir meðstjórnandi. Þórunn Bergsdóttir ritari var í stjórninni en þurfti frá að hverfa vegna veikinda. Gjaldkeri er Sigrún Aðalgeirsdóttir. Eygló Björnsdóttir fráfarandi formaður hefur starfað með stjórninni síðustu tvö ár.

Fyrir hönd stjórnar Betadeilar
Þorgerður Sigurðardóttir, formaður.

Δδ Deltadeild



Fyrsti fundur Deltadeildar árið 2012 og jafnframt fjórði fundur vetrarins, var haldinn í Borgarnesi þriðjudaginn 24. janúar. Fundurinn var haldinn á heimili Theodóru Þorsteinsdóttur stjórnarkonu deildarinnar.

Sóley Sigurþórsdóttir Deltakona og grunnskólakennari í Borgarnesi sagði frá námsleyfi sínu til meistaraþrófsritgerðar, Eru umræður hluti af stærðfræðikennslu í 7. bekk? Fróðlegur og skemmtilegur fyrirlestur og fjórugar umræður á eftir, þar sem margt bar á góma um kennslu og kennsluhætti. Orð til umhugsunar var í umsjón Þórunnar Reykdal, varaformanns Deltadeildar ræddi hún um það sem vakið hefur athygli hennar í fjölmiðlum undanfarið.

Bókaspjall erum við yfirleitt með á fyrsta fundi ársins, þar sem konur, annað hvort ræða um ákveðna bók, sem þá er búið að ákveða með góðum fyrirvara, eða eins og í þetta sinn að konur segja frá áhugaverðri bók sem þær hafa lesið nýlega. Þetta eru alltaf gefandi og skemmtilegar umræður. Að venju borðuðum við saman, að þessu sinni bauð Theodóra upp á grænmetissúpu og heimabakað brauð. Happaðrættið okkar var á sínum stað, þar sem sú kona sem fékk happaðrættisvinninginn síðast, kemur með vinninginn. Happaðrættið gefur okkur smá pening, sem við getum notað til að borga fyrirlesurum eða greiða niður kostnað hjá okkur.

Annar Deltafundur ársins var svo Reykjavíkurfundurinn okkar, en við höldum alltaf einn fund vetrarins í Reykjavík, en þar búa nokkrar Deltakonur. Að þessu sinni varð fyrir valinu að heimsækja Hörpuna. Við mættum í Hörpuna 11 Deltakonur og fengum mjög skemmtilega leiðsögn Sigríðar Guðmundsdóttur, sem leiddi okkur um ganga, sali, króka og kima þessa stórglæsilega húss okkar. Að loknum klukkutíma skoðunarferð snæddum við á veitingastaðnum Munnhörpunni, fínasta kjúklingasalát og happaðrættið gladdi að venju.



Vorfundurinn síðasti fundur vetrarins verður svo haldinn í Búðardal þriðjudaginn 8. maí, sem er jafnframt aðalfundur og ganga þá formaður og ritari úr stjórn, varaformaðurinn Þórunn Reykdal tekur við stjórn deildarinnar næstu 2 árin. Við vonust til að taka 2 nýjar konur inn í deildina, á vorfundinum, en í dag erum við 26 konur, misvirkar eins og gengur og gerist. Mikil vinátta og hlýhugur er á öllum okkar fundum og finnst mér ég koma alltaf betri manneskja af hverjum fundi og hlakka strax til næsta fundar. Ég óska öllum Delta Kappa Gamma konum gæfuríkrar framtíðar með ósk um ánægjulegt sumar.

Elfsabet Jóhannesdóttir formaður Deltadeildar.

Eε Epsilondeild

Á fyrsta stjórnarfundum nýs starfsárs var ákveðið að þemað í vetur verður. Leggjum rækt við okkur sjálfar. Við teljum að við verðum að huga að eigin heilsu og velferð ef við eigum að geta gefið af okkur.

Fyrsti fundur vetrarins var í októberbyrjun og var mæting mjög góð. Fundur var settur, kveikt á kertum og Guðrífur Aadnegaard flutti orð til umhugsunar. Næst héldu Elinborg Sigurðardóttir og Guðrún Þórána Jónsdóttir erindi og má með sanni segja að þær hafi ræktað sinn anda þegar þær fóru á Evrópuþingið í Baden Baden sl. sumar. Á fundinum sögðu þær okkur frá ferðalagi þeirra og sýndu okkur myndir og greinilegt var að margt skemmtilegt hafði gerst og einnig voru þær margs fróðari eftir ýmsa fyrirlestra og verkstæðisvinnu. Að lokum var snæddur léttur hádegisverður sem Selfosskonurnar í deildinni sáu um.

Næsti fundur var í Þorlákshöfn eitt síðdegi í nóvember. Þar tók Ester Hjartardóttir, ein af Epsilonsysturum, á móti okkur í sundlaug staðarins. Þar fórum við í vatnsleikfimi undir styrkri stjórn hennar en hún þrautþjálfuð í þessum fræðum og hefur kennt þessa leikfimi á þriðja áratug. Þarna busluðum við og reyndum eftir bestu getu að hlýða hennar fyrirælu og allar vorum við hressar á eftir og þreyta eftir vinnu dagsins skolaðist af okkur þarna í lauginni. Eftir að hafa snætt kvöldverð á Ráðhúskaffinu var haldið í Grunnskóla Þorlákshafnar og hann skoðaður. Öll aðstaða þar er til fyrirmyndar og skólinn vel skipulagður. Þar beið okkar líka kaffi og meðlæti.

Fyrsti fundur á nýju ári var haldinn á Hótel Eldhestum í Ölfusi 14. janúar. Fundur var settur, kveikt á kertum og Gunnvör Kolbeinsdóttir flutti orð til umhugsunar. Síðan ræddum við um þær jólabækur sem við höfum lesið og voru umræður líflugar á þessum bóka fundi. Við borðuðum hádegisverð á hótelinu og síðan var fundi slitið.

Þann 22. mars var fundur í Gesthúsum á Selfossi. Þar var Sólveig Kristjánsdóttir sálfræðingur og jogakennari með fyrirlestur um "mindfulness". Sigríður Ragna landsforseti heiðraði okkur með nærveru sinni. Við fengum svo súpu sem Elisabet félagskona okkar framreiddi.

Aðalfundur verður svo 5. maí á Hestakráinni á Skeiðum, þar sem ný stjórn verður kosin og Kristjana Kjartansdóttir fræðir okkur um fæðubótarefni.

Við höldum fundi til skiptis á fimmtudögum eftir að vinnu lýkur eða á laugardögum í kringum hádegi. Einnig reynum við að dreifa fundarstöðum um sýsluna til að jafna aksturinn. Við höfum tekið þann sið upp að hafa manntal til að fylgjast betur með mætingu á fundi.

Bolette Höeg Koch,

Hη Etadeild

Á þessu starfsári eru sex fundir eins og hefð hefur verið fyrir. Við vinnum áfram eftir þeim markmiðum sem við höfum sett okkur sem eru: *Að hafa forystu í faglegri umræðu, Að efla innbyrðis tengsl deildarsystra og Að auka samstarf við konur úr öðrum deildum.* Þegar lítið er yfir starfsárið í heild voru menntamálin í brennidepli og samvera við konur úr öðrum deildum. Við vorum gestir Deltadeildar í nóvember og áttum ánægjulegan jólafund með Alfadeild og Þetadeild.

Áframhaldandi umfjöllun um menntamál má rekja til umræðna sem hófust á s.l. starfsári, m.a. heimsóknar Jóns Torfa Jónssonar sem fjallaði um framtíðarsýn í menntamálum og áhugaverðra erindi í september sem voru framlag Menntavísindasviðs HÍ til hundrað ára afmælis skólans og Etasystur voru duglegar að sækja.

Á fundi 1. febrúar fengum við til okkar Ólaf H. Jóhannsson sem er verkefnisstjóri nýrrar námskrár fyrir grunnskólann. Í fyrsta sinn eru nú sameiginlegir stefnumarkandi kaflar fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Þar eru lagðir til grundvallar sex grunnpættir: Læsi í víðasta skilningi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessir þættir eiga að fléttast inn í allt skólastarf og allar námsgreinar. Það urðu miklar og fjörugar umræður um þessi mál.

Á fundi 6. mars hlustuðum við á eina af okkar deildarsystur, Elísabetu Gunnarsdóttur, ásamt Rannveigu Jónsdóttur segja frá þátttöku í Rauðsokkahreyfingunni. Margt áhugavert kom fram og margt rífaðist upp frá þessum tíma. Konur sem voru virkar í Rauðsokkahreyfingunni urðu að láta ýmislegt yfir sig ganga og baráttan var ekki alltaf auðveld. Það voru sterk öfl í þjóðfélaginu sem ekki voru tilbúin að hlusta. Í haust kom út bókin *Á rauðum sokkum* þar sem nokkrar konur segja frá árunum sínum í hreyfingunni, m.a. þær Elísabet og Rannveig. Jafnframt því að segja frá, lásu þær stöllur upp valda kafla úr bókinni. Frásögn þeirra var í senn fræðandi og lifandi og á eftir spunnust fjörugar umræður og tækifæri til að líta til baka og hugleiða hvar við konur værum staddar nú.

Í maí verður aðalfundur og þá tekur ný stjórn við og tvær nýjar félagskonur verða teknar inn í deildina. Þar með verðum við 30 talsins. Þá gerum við okkur einnig dagamun í tilefni af 15 ára afmæli deildarinnar.

Í stjórn Etadeildar sitja:

Auður Torfadóttir formaður

Anna Magnea Hreinsdóttir varaformaður

Kristín Helga Guðmundsdóttir meðstjórnandi og vefstjóri í forföllum Kristínar Steinarsdóttur

Ólöf Helga Þór gjaldkeri

Γ γ Gammadeild

Konur og völd, áhrif kvenna, kvennasamstaða, kvannahreyfingar...

Dagskráin í vetur sem og síðastliðinn vetur var helgaður 7. markmiði Alþjóðasamtakanna „að fræða konur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.“

Á fyrsta fundi vetrarins var unnið í hópum um þau frábæru erindi sem við hlustuðum á sl. vetur. Hver hópur fékk tilvitnanir í fyrirlesarana sem voru Valgerður Bjarnadóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ragna Árnadóttir og Steinunn Guðbjartsdóttur en þær fjölluðu um ESB, konur og stjórnmál, gildru feðraveldisins, reynslu ráðherra og slitastjórn banka. Fjörugar umræður spunnust í hópunum og var góður rómur gerður að þessum dagskrárlíð.

Í vetur var 7. markmiðinu skipt niður í eftirfarandi þemu og fyrirlesari fenginn til að fjalla um hvert þeirra:

Konur og atvinnulífið. Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu og fyrirverandi formaður Félags kvenna í atvinnurekstri ræddi um konur og atvinnulífið, hress og skemmtileg að vanda.

Konur og stjórnsýslan. Helga Jónsdóttir lögfræðingur og ráðuneytisstjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneyti talaði undir þessu þema en hún hefur mikla reynslu úr stjórnsýslunni og hefur alla tíð beitt sér fyrir umbótum í henni.

Konur og menntakerfið. Farið var í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar þar sem Guðbjörg Aðalbergsdóttur skólameistari sagði okkur frá þeim nýju kennslu-háttum sem þar tíðkast. Áhersla er lögð á að bjóða upp á metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins, þar sem ríkir gagnkvæm virðing í samskiptum.

Konur og tíminn. Sigríður Lillý Baldursdóttir forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins flutti fyrirlestur um takt tilverunnar, tímaskort, tæknina og áhrif hennar á heilsuna. Hún talaði um miklar kröfur um hraða og aukna framleiðni, samfélagsbreytingar og kvunndagstækni sem á að spara tíma en samt er stöðugt tímaleysi. Hún tengdi þessa þróun við aukna örorku, ekki síst kvenna sem eykst frá ári til árs.



Konur og listir. Fundurinn var haldinn í Myndlistaskólanum í Reykjavík þar sem Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólustjóri, í Gammadeild kynnti starfsemi þessa frábæra, metnaðarfulla skóla sem sífellt er að þróa nýjungar. Við buðum Lambdadeildinni að mæta á fundinn og var ánægjulegt að fá þær í heimsókn.

Konur og kvannahreyfingar. Í maí á áttunda og síðasta fundi vetrarins verður þemað konur og kvannahreyfingar. Fjallað verður um Rauðsokkahreyfinguna og Kvennaframboð og Kvennalista. Stuðst verður við tvær bækur. Á *rauðum sokkum* baráttukonur segja frá en í henni segja tólf konur frá starfi sínu með Rauðsokkahreyfingunni. Meðal höfunda eru Gerður G. Óskarsdóttir í Gammadeild og Elísabet Gunnarsdóttir Etadeild. Vilborg Dagbjartsdóttir í Gammadeild á tólf ljóð í bókinni. Hin bókin er *Hlustaðu á þína innri rödd* – Kvennaframboð í Reykjavík og Kvennalisti 1982-1987. Höfundur er Kristín Jónsdóttir formaður Gammadeildar.

Á jólafundinum var að venju fjallað um nýútkomna bók. Að þessu sinni sagði Sólveig Eggertz frá sinni áhugaverðu bók Selkonan.

Gammadeild á því láni að fagna að Þórunn Björnsdóttir spilar í lok funda undir fjöldasöng sem skapar þá orku og gleði sem söngur veitir að honum loknum göngum við glaðar af fundum.

Fyrir hönd stjórnar,

Kristín Jónsdóttir, formaður Gammadeildar

I 1 **lotadeild**

Nýjar félagskonur – enn öflugra félagsstarf

Það sem tíminn líður! Enn einn veturinn að baki í gefandi starfi lotadeildar DKG fyrir vestan. Lotadeildin er stolt af því að hafa á vormánuðum tekið inn þrjár nýjar félagskonur. Hópurinn telur nú orðið 26 konur sem allar sinna fjölbreyttum og ábyrgðarmiklum störfum á ólíkum sviðum fræðslu- og uppeldismála á svæðinu okkar.

Nýr formaður landssamtakanna, Sigríður Ragna Sigurðardóttir hafði lagt línurnar fyrir veturinn með þemanu “Frá orðum til athafna”. Við völdum því okkar vetrarþema út frá því, - “Frumkvöðlar”. Var það megin leiðarljós í skipulagi starfsins í vetur.

Við höfum vetrarstarfið á því að heimsækja starfsemi Rauðakross Íslands á Ísafirði, enda má sannarlega rekja starfsemi Rauðakrossins um allan heim til frumkvöðlahugtaksins. Þar var gestgjafi okkar ein úr hópnum, Bryndís Friðgeirsdóttir sem þar starfar.

Fundina okkar höfum við ýmist haldið á heimilum einhverrar okkar eða notið gestrisni þeirra sem við höfum heimsótt. Októberfundurinn var til að mynda haldinn á heimili Sigríðar Ragnarsdóttur fyrsta formanns lotadeildar. Sérstakur gestur fundarins var Sigríður Kristjánsdóttir starfsmaður IMPRU Nýsköpunarmiðstöðvar. Hún kynnti starfsemina, þjónustu við frumkvöðla og talaði um mikilvægi þess að frumkvöðlar fái stuðning við hugmyndir sínar.

nóvember heimsóttum við frumkvöðlafyrirtækið Kerecis en það hefur m.a. þróað lækningarplástra sem innihalda protein úr fiskroði. Janúarfundur var hefðbundinn bókarfundur sem jafnan er afar skemmtilegur og gefandi.

Í febrúar var skipulögð heimsókn til frumkvöðulsins Gerðar Edvardsdóttur í fyrirtæki hennar “Heitt á þrjónunm”, en því miður forfallaðist hún vegna veikinda svo við brugðumst skjótt við og færðum fundinn á kaffi Edinborg. Fundurinn var fremur óformlegur og sögðu félagskonur m.a. frá því hvað DKG hefur gert fyrir þær, svona til að leyfa hinum væntanlegu félagskonum, sem höfðu verið boðaðar að heyra og skynja hvað það er sem við gerum saman.

Það var gleðilegt að halda marsfundinn, ekki síst þar sem þrjár nýjar félagskonur voru teknar inn í IOTA deild DKG. Það var einnig einstaklega gaman á fundinum að fá ávarp í gegnum SKYPE frá Sigríði Rögnu Sigurðardóttur landsformanni DKG,



en þetta er í fyrsta sinn að hennar sögn sem hún tók þátt í fundi með slíkum hætti. Sigríður hvatti okkur allar til að starfa af krafti, og ekki síst að gefa kost á okkur til nefndarstarfa innan DKG. Þá hvatti hún okkur til að fjölmenna á landsfund DKG sem haldinn var í lok apríl. Að taka þátt í fundi í gegnum SKYPE er tækni sem tiltölulega auðvelt er að nýta og gaman væri að gera oftar til að víkka sjóndeildarhringinn og auka möguleika á gestum á fundina okkar.

Aðalfundurinn okkar var svo haldinn í apríl þar sem m.a. var kjörin ný stjórn. Nýr formaður okkar er Jóna Benediktsdóttir aðstoðarskólastjóri á Ísafirði og verður tilhlökkunarefni að starfa undir hennar stjórn næstu tvö árin.



lotadeildin er öflug DKG deild og samheldinn hópur kvenna sem vinnur sannarlega í anda samtakanna og við erum sko hvergi nærri hættar!

Gleðilegt sumar.

Soffía Vagnsdóttir, formaður IOTA deildar fyrir vestan.

ÍKK Kappadeild

Í Kappadeild starfsárið 2011 til 2012 eru 27 konur. Stjórn félagsins skipa: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Sigríður Johnsen varaformaður, Erla Gunnarsdóttir gjaldkeri, Erla Guðjónsdóttir ritari og Gunnlaug Hartmannsdóttir sem hefur umsjón með heimasíðunni. Marsibil Ólafsdóttir fyrrverandi formaður Kappadeildar situr einnig stjórnarfundum.

Þema vetrarins 2011-2012 var „**Látum verkin tala, látum verkin lifa – frumkvöðlar**“ Við skipulagningu stjórnar á starfinu var ákveðið að leita til íslenskra kvenna sem hafa skarað fram úr og eru fyrirmyndir vegna frumkvöðlastarfs síns.

Fyrsti fundur deildarinnar var í veitingahúsinu Nauthól í september. Þar var efst á baugi inntaka nýrra félaga í Kappadeild en sjö nýjar félagskonur slást í hóp Kappadeildar þetta starfsár. Ingibjörg Einarsdóttir og Ingibjörg Jónasdóttir fyrrverandi forsetar DKG á Íslandi ásamt núverandi forseta Sigríði Rögnu Sigurðardóttur voru boðnar á fundinn og var það ánægjulegt að hafa þær með okkur á þessum fyrsta fundi vetrarins og aðstoða við inntöku nýrra félaga.

Aðalfyrirlesari var Brynja Þorgeirsdóttir, fréttakona í Kastljósi Ríkisútvarpsins.



Hún flutti fyrirlestur um konur í fjölmiðlum og konur sem frumkvöðla í fjölmiðlum. Hún rakti feril sinn frá því að hún hóf vinnu við fréttastofu Skjás eins og sýndi okkur inn í heim þeirra frumkvöðla sem ruddu braut nýrrar fréttastofu í samkeppni við hinar sem fyrir voru. Flutt voru orð til umhugsunar og er slíkt venjan á hverjum fundi og það eru yfirleitt félagskonur sem flytja þann góða pistil.

Annar fundur deildarinnar sem var í október var haldinn í fyrirtæki Aðalheiðar Héðinsdóttur stofnanda og eiganda **Kaffitárs** en það fyrirtæki var stofnað árið 1990. Hún fór með hópinn um verksmiðjuna í Reykjanesbæ og sagði okkur frá því hvernig hún þróaði fyrirtækið. Með elju og nægjusemi byggir hún upp gott og traust fyrirtæki og 2003 fluttist Kaffitár í eigið húsnæði í Ytri - Njarðvík – nú Reykjanesbæ. Auk kaffibrennslunnar rekur hún átta Kaffitárshús og hjá fyrirtækinu vinna um 100 manns.

Jólafundurinn var í lok nóvember í heimahúsi og þá fengum við góða gesti til að skemmta okkur og fræða. Það var Felix Bergsson sem sagði okkur frá geisladiskinum sínum með ástarljóðum Páls Ólafssonar og hvernig hann varð til og einnig söng hann nokkur lög.

Árlega er bókafundur deildarinnar og þá segja nokkrar félagskonur frá bókum sem hafa hrifið þær með einum eða öðrum hætti. Bókafundurinn var haldinn í heimahúsi í febrúar 2012.

Fimmti fundurinn var í mars á veitingahúsinu HAPP í Aðalstræti hjá

frumkvöðlinum Unni Guðrúnu Pálsdóttur eða Lukku. Lukka hefur það að markmiði að stuðla að heilbrigði og bættum lífsgæðum fólks og hefur þróað fyrirtæki sitt út frá því að hún hóf að huga að næringu viðskiptavina sinna þegar hún starfaði sem sjúkraljálfi. Það hefur þróast áfram og kjarni starfseminnar er framreiðsla á matarpökkum en hún rekur líka veislubjónustu, tvo veitingastaði og heilsutengda ferðabjónustu.

Aðalfundur Kappadeildar verður í maí en þá tekur við ný stjórn þar sem núverandi stjórn hefur starfað í tvö ár.



Myndir frá vorþingi:



⊕ Petadeild

Vetrarstarf Petadeildar 2011-2012

Lestur/læsi var þema Petadeildar 2010-2012. Petadeildin hefur haft þann sið nokkuð lengi að halda í janúar bókafund þar sem félagskonur segja frá þeim bókum sem þær hafa nýlega lesið. Listi yfir bækurnar birtist síðan á heimasíðu deildarinnar. Í vetur var fundur haldinn í Bókasafni Reykjanesbæjar en þar fór Hulda Björk Þorkelsdóttir forstöðumaður safnsins yfir þau verkefnið sem unnin eru á safninu og hafa það markmið að efla og auka lestur og læsi. Mjög blómlegt og fjölbreytt starf fer fram á bókasafninu og er þar reglulega sérstök dagskrá sem ætluð er bæði ungum lesendum og eldri.

Einn af þeim fundum vetrarins sem eru sérstaklega eftirminnlegir er fundur



sem haldinn var í Duus þar sem Inga Þórey Jóhannsdóttir aðstoðarskólustjóri Myndlistaskóla Reykjavíkur sagði frá myndlæsi og gaf okkur nýja sýn á myndverk. Guðlaug María Lewis starfsmaður í Duus bauð upp á leiðsögn um sýninguna „Bóndadagur“ eftir listamanninn Aðalheiði S. Eysteinsdóttur. Annar einstaklega skemmtilegur fundur var haldinn í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Þar fjallaði Helga Rut Guðmundsdóttir um tónlistarlæsi. Með fyrirlestrum þessara tveggja kvenna opnaðist nýr heimur varðandi listir og læsi og gaman að sjá hvernig læsi tengist nánast öllum því sem fólk gerir í hinu daglega lífi. Síðasti fundur vetrarins var haldinn í Reykjavík þar sem Úlfhildur Dagsdóttir fór

með okkur um miðbæ borgarinnar og tengdi saman hús, staði og bókmenntaverk. Úlfhildur sagði skemmtilega frá og auðvelt var að sjá fyrir sér fólk á ferð um bæinn hér fyrir á öldum, bæði þrúðbúið og eins við vinnu sína.

Ný stjórn hefur verið kosin í Petadeild og tekur hún formllega við störfum í

sumar. Inga María Ingvarsdóttir verður formaður og með henni í stjórn verða Elín Rut Ólafsdóttir, Gyða Arnmundsdóttir og Kristín Helgadóttir.

Á þessu tímabili hafa félagskonur í Petadeild komið víða við og tekið þátt í nefndarstörfum fyrir landssambandið. Starfsárið 2009-2011 var Hulda Björk Þorkelsdóttir í vefnefnd.

Starfsárið 2011-2013 eru Elín Rut Ólafsdóttir, G. Lára Guðmundsdóttir og

Þorbjörg Garðarsdóttir í samskipta- og útgáfunefnd og Sveindís Valdimarsdóttir í menntanefnd. Guðbjörg Sveinsdóttir er gjaldkeri landssambands DKG.



Guðrún J. Halldórsdóttir—Minning



Það er skammt stórra högga á milli í stofndeild Delta-Kappa-Gamma alþjóðasamtakanna á Íslandi. Guðrún Halldórsdóttir er önnur úr stofndeildinni sem kveður þennan heim á rúmu hálfu ári. Guðrún var einn af mátarstólpum og ein af stofnfélögum Alfa deildar.

Guðrún Halldórsdóttir var mikil kjarnakona og brautryðjandi á sviði menntamála enda hlaut hún margs konar viðurkenningar fyrir störf sín. Hún leit á menntun sem mannrækt og lagði sálu sína í starf sitt fyrir Námsflokka Reykjavíkur sem blómstruðu undir hennar stjórn í gamla Miðbjæjarskólanum þar sem hún hlúði vel að nemendum sínum, breytti viðhorfi margra til náms og efldi sjálfstraust þeirra. Guðrún setti sitt persónulega mark á skólastarfið og voru Námsflokkarnir ekki bara vinnustaður hennar heldur líka hennar annað heimili þar sem nemendur og kennarar voru hluti af stórrí fjölskyldu. Guðrún var ósérhlífinn dugnaðarforkur með hlýja og góða nærveru. Hún mætti fyrst til vinnu og fór síðust heim að kveldi..

Í Delta-Kappa-Gamma var hún öflug liðskona. Guðrún sá um undirbúning og hýsti jólafundi Alfadeildar á meðan hún var skólustjóri Námsflokka og fannst henni ekkert eðlilegra, þrátt fyrir erilsamt starf. Innan Alfadeildar gengdi hún ýmsum embættisstörfum, sat í stjórn og var formaður um skeið.

Það var skemmtilegt að ræða við Guðrúnu, hún hafði ákveðnar skoðanir á mönnum og málefnum og sá spaugilegu hliðarnar á tilverunni.

Við kveðjum Guðrúnu Halldórsdóttur með þakklæti í huga og minnst margra góðra stunda í Delta Kappa Gamma.

Við vottum aðstandendum innilega samúð.

Sigríður Ragna Sigurðardóttir, formaður landssambands DKG
Marta Guðjónsdóttir, formaður Alfadeildar



Frá samskipta- og ritnefnd

Við í samskipta- og ritnefnd sendum öllum félagskonum bestu óskir um gleðilegt sumar og þeim sem ætla að sækja alheimsþingið í New York óskum við góðrar ferðar og hlökkum til að fræðast um þingið í haust.

Við hvetjum allar Delta Kappa Gamma konur til að fylgjast vel með á vef samtakanna, hjálpumst að við að gera vefinn virkan: <http://dkg.muna.is>
Lára Guðmundsdóttir, Þetadeild, formaður

Björk Einisdóttir, Gammadeild
Elín Rut Ólafsdóttir, Þetadeild
Helga Gunnarsdóttir, Deltadeild
Þorbjörg Garðarsdóttir, Þetadeild

Myndir frá vorþingi:



Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma

Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma
stuðla að auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna í
fræðslustörfum og gæðum í menntun og
uppeldisstörfum



Heimasíðan okkar er :
<http://dkg.muna.is>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:
<http://dkg.org>